

STF-2017-08 Arfur – Þjóðleiðir

Verkefnið Arfur er lokaáfangi af stóru heildarverkefni í Skaftárhreppi þar sem rafrænar upplýsingar um þjóðleiðir og fornar ferðaleiðir um aldamótin 1900, ásamt örnefnum, sem þeim tengjast, hafa verið skráðar í gagnagrunn Kirkjubæjarstofu. Stefnt er að útgáfu veglegrar bókar um verkefnið Arf og hinar fornu ferðaleiðir í Skaftárhreppi og sagnir sem þeim tengjast. Einnig er stefnt að útgáfu minni handbókar þar sem sagt verði frá nokkrum ferðaleiðum sem raunhæft er að endurvekja sem sögu- og minjaslóð, sem tengjast þjóðleiðum og samgöngum í Vestur Skaftafellssýslu og áhugavert væri að gera skil í slíkri handbók.

Verkefninu var úthlutað kr. 500.000.- árið 2017.